

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Málalykill 1.2.1 Abm.

Fylgiskjal

Móttækir: 22 MAR 2017

Málsnúmer: HI 16 03 0137



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 4 · 101 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Háskóli Íslands
Jón Atli Benediktsson, rektor
Sæmundargötu 2
101 REYKJAVÍK

Reykjavík 15. mars 2017
Tilv.: MMR16100084/3.1

Efni: Fjárveitingabréf

Um fjárveitingabréfið

Með tilkomu nýrra laga um opinber fjármál er tilefni til að endurskoða árangursstjórnunarferli/samningaferli mennta- og menningarmálaráðuneytis og ríkisstofnana í heild sinni. Fjárveitingabréf þetta, sem nú er sent stofnunum í fyrsta sinn, er liður í því. Í bréfinu eru tilgreindar fjárveitingar til stofnunarinnar og áherslur sem hafa skal að leiðarljósi í starfsemi ársins.

Í samræmi við lög nr. 123/2015 um opinber fjármál hefur verið mótuð stefna fyrir öll málefnasvið og málaflokka og á grundvelli hennar hafa stofnanir sett sér stefnu til þriggja ára. Fjárveitingabréfinu er ætlað að gefa yfirsýn yfir tengingar milli stefnu málefnasviðs og/eða málaflokks, fjárveitinga til stofnunar sbr. 28. gr. laga um opinber fjármál og áherslna í starfsemi hennar. Gert er ráð fyrir að fjárveitingabréfið verði undirstaða að virku samtali og skýrum samskiptaleiðum sem þjóni hagsmunum beggja aðila.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun birta bréfið á heimasíðu sinni. Gert er ráð fyrir að stofnunin birti bréfið einnig á heimasíðu sinni.

Efnistöð bréfsins eru eftirfarandi:

1. Markmið og áherslur málefnasviðs og/eða málaflokks
2. Endurgjöf á stefnu til þriggja ára og ársáætlun
3. Fjárveitingar komandi árs til stofnunarinnar
4. Almennar áherslur í ríkisrekstri

1. Markmið og áherslur málefnasviðs og/eða málaflokks

Meginmarkmið stjórnvalda fyrir málefnasviðið háskólastig eru tvenns konar. Í fyrsta lagi að styrkja innviði íslensks samfélags og stöðu þess í alþjóðlegu tilliti með hagsmuni komandi kynslóða að leiðarljósi. Í annan stað að mennta nemendur og búa þá undir að gegna störfum sem krefjast fræðilegra vinnubragða, þekkingar og færni og undirbúa þá til ábyrgrar þátttöku í lýðræðissamfélagi. Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málaflokkinn 21.1, háskólar. Markmið málaflokksins eru:

1. *Aukin gæði í háskólastarfsemi.* Töluverðar umbætur hafa verið gerðar á gæðamálum háskóla á undanförunum árum. Árið 2010 var Gæðaráð íslenskra háskóla stofnað og hefur það gefið út handbók með rammaáætlun um eflingu gæða á sviði æðri menntunar á Íslandi. Árið 2015 lauk Gæðaráðið við

fyrsta hring úttekta á háskólunum sjö og byggir vinna þess á viðamiklu samstarfi við stjórnendur og starfsmenn skólanna. Í kjölfar fyrsta úttektahringsins hefur Gæðaráðið unnið að því að endurskoða aðferðir við gæðamat í ljósi reynslunnar. Þá hafa skólarnir nýtt sér vinnu við innra gæðamat og niðurstöður úttekta Gæðaráðsins til að efla og bæta starf sitt. Það er stefna mennta- og menningarmálaráðuneytisins að vinna við gæðastarf háskólanna verði þróuð og eflað enn frekar í samstarfi ráðuneytis, háskólanna og Gæðaráðs íslenskra háskóla. Þá er stefnt að því að framlög á hvern ársnemanda hækki í samræmi við stefnu Vísinda- og tækniráðs og verði sambærileg því sem gerist á Norðurlöndunum. Stefna Vísinda- og tækniráðs gerir ráð fyrir að markmiðið náist árið 2020 en skv. fjármálaáætlun 2017-2021 er ljóst að endurskoða þarf tímaramma markmiðsins. Lögð er á það áhersla að hækkun á framlögum á hvern nemanda verði til þess að styðja við markmið um gæði.

2. *Aukin tengsl háskóla þeirra á milli, við atvinnulíf, framhaldsskóla og stofnanir á framhaldsskólastigi.* Ítrekað hefur verið bent á það í úttektum að íslenska háskóla- og vísindakerfið sé brotkennt og komi það niður á skilvirkni og gæðastarfi. Það er stefna Vísinda- og tækniráðs að endurskoða skuli skipulag og umgjörð háskóla- og vísindakerfisins og vinna að samþættingu þess, t.d. með öflugara samstarfi stofnana. Ennfremur skal unnið að því að efla tengsl háskóla við önnur skólastig og atvinnulífið í víðum skilningi. Einn þáttur í því er að þróa fagháskólanám með aðkomu framhaldsskóla, háskóla og atvinnulífs.

3. *Öflug kennaramenntun og nýliðun kennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum.* Á næstu árum munu reynslumiklir kennarar hætta störfum vegna aldurs og er mikilvægt að endurnýjun í hópi kennara mæti þörfum fyrir nýliðun. Á grunnskólastigi þarf sérstaklega að huga að kennslu í lestri, stærðfræði og raungreinum og á framhaldsskólastigi að kennslu í stærðfræði og raungreinum. Huga þarf einnig að því að þeir sem starfa við skipulagt íþrótt- og tómstundastarf, m.a. á frístundaheimilum, hafi viðeigandi menntun og starfsréttindi.

2. Endurgjöf á stefnu til þriggja ára og ársáætlun

Á grundvelli stefna fyrir málefna svið og markmið málaflokka staðfestir ráðuneytið ársáætlun 2017 og stefnu stofnunarinnar enda hefur verið brugðist við þeim athugasemdum sem gerðar voru við vinnslu stefnunnar. Hún er í samræmi við gildandi stefnu stjórnvalda fyrir það/þau málefna svið/málaflokka sem við á og innan fjárveitinga til aðila.

Aðrar áherslur ráðuneytisins: Ráðuneytið vekur athygli á markmiði um að bæta kennaramenntun og stuðla að aukinni nýliðun kennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

3. Fjárveitingar ársins 2017

Eins og fram kemur í fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga ársins 2017 eru fjárveitingar stofnunarinnar 14.013,4 m.kr. Gert er ráð fyrir að fjárveiting skiptist með eftirfarandi hætti:

Fjárveiting 2017 (m.kr.)	J	Laun	Önnur gjöld	Eigna-kaup	Til-færslur	Gjöld	Tekjur	Alls	Framlag úr ríkissjóði
Byggingarframkvæmdir og tækjakaup		104,9	1.040,1	35,0	0,0	1.180,0	-1.180,0	0,0	0,0
Háskóli Íslands		13.109,9	4.776,1	1.292,5	214,8	19.393,3	-5.379,9	14.013,4	14.013,4

Helstu breytingar á fjárveitingu frá fjárlögum 2016 eru:

Breytingar frá fjárlögum 2016	-T	Laun	Önnur gjöld	Eigna-kaup	Til-færslur	Gjöld	Tekjur	Alls	Framlag
									úr ríkissjóði
Í Háskóla Íslands		543,1	557,0	163,7	0,0	1.263,8	-1.142,9	120,9	1.095,9
Breytingar í þróun nemandafjölda samkvæmt reiknilíkani		-3,4	-2,0	5,5	0,0	0,1	3,1	3,2	3,2
Breytt fjármögnun Ríkiskaupa, aukinn afsáttur til stofnana og umsýslubókun rannsamninga af numm		0,0	-5,8	0,0	0,0	-5,8	0,0	-5,8	-5,8
Breytt fjármögnun: aðrar rekstrartekjur ríkisaðila í A-hluta		0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	-975,0	-975,0	0,0
Endurmat á launaforsendum fjárlaga 2016 vegna kjarasamninga og úrskurða kjararáðs, á ársgrundvelli		331,5	0,0	0,0	0,0	331,5	-77,7	253,8	253,8
Framlag vegna breytinga á reikniflokkum		0,0	36,9	145,3	0,0	182,2	0,0	182,2	182,2
Launa-, gengis-, og verðlagsreikningur á fjárl. frv. 2017		270,0	42,9	12,9	0,0	325,8	-93,3	232,5	232,5
Tímabundið framlag til Aldarafmælisjóðs fellur niður		-55,0	-25,0	0,0	0,0	-80,0	0,0	-80,0	-80,0
Tímabundið framlag til Aldarafmælisjóðs HÍ		0,0	100,0	0,0	0,0	100,0	0,0	100,0	100,0
Tímabundið framlag til styrkingar á rekstrargrunni		0,0	90,0	0,0	0,0	90,0	0,0	90,0	90,0
Tímabundið framlag vegna ArcticLAS		0,0	10,0	0,0	0,0	10,0	0,0	10,0	10,0
Tímabundið framlag vegna endurnýjunar á tækjum og búnaði		0,0	290,0	0,0	0,0	290,0	0,0	290,0	290,0
Tímabundið framlag vegna grunnkostnaðar við uppsetningu sýninga hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur		0,0	20,0	0,0	0,0	20,0	0,0	20,0	20,0
Samtals:		543,1	557,0	163,7	0,0	1.263,8	-1.142,9	120,9	1.095,9

Breytingar frá fjárlögum 2016	-T	Laun	Önnur gjöld	Eigna-kaup	Til-færslur	Gjöld	Tekjur	Alls	Framlag
									úr ríkissjóði
Byggingarframkvæmdir og tækjakaup		9,9	425,6	0,0	0,0	435,5	-1.180,0	-744,5	0,0
Breytt fjármögnun: aðrar rekstrartekjur ríkisaðila í A-hluta		0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	-744,5	-744,5	0,0
Breytt framsetning fjárlaga - framlög til viðhaldsverkefna flutt í rekstur og/eða fjárfestingu		9,9	25,6	0,0	0,0	35,5	-35,5	0,0	0,0
Breytt framsetning í fylgiriti fjárlaga		95,0	1.014,5	35,0	0,0	1.144,5	-1.144,5	0,0	0,0
Einföldun á framsetningu fjárlaga og fylgiritis - sameining og fækkun viðfangsefna		-95,0	-1.014,5	-35,0	0,0	-1.144,5	1.144,5	0,0	0,0
Tímabundið framlag vegna Móss íslenskra fræða		0,0	400,0	0,0	0,0	400,0	-400,0	0,0	0,0
Tímabundin fjárheimild til að ráðstafa fé frá HHI til byggingar framkvæmda fellur niður		0,0	-250,0	0,0	0,0	-250,0	250,0	0,0	0,0
Tímabundin fjárheimild til að ráðstafa fé frá HHI til byggingar framkvæmda og viðhaldsverkefna		0,0	250,0	0,0	0,0	250,0	-250,0	0,0	0,0
Samtals:		9,9	425,6	0,0	0,0	435,5	-1.180,0	-744,5	0,0

4. Almennar áherslur í ríkisrekstri:

Framkvæmd laga um opinber fjármál

Á árinu 2017 verður unnið að frekari innleiðingu laga um opinber fjármál. Mikilvægt er að ríkisaðilar vinni að þeim verkefnum með fjármála- og efnahagsráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Forstöðumenn ríkisaðila bera ábyrgð gagnvart ráðherra á að starfsemin skili

tilætluðum árangri og að rekstur og afkoma sé í samræmi við fjárveitingar og áætlanir sem samþykktar hafa verið. Þá er mikilvægt að ef veruleg frávik verða frá rekstraráætlun innan rekstrarársins sé ráðuneytinu tilkynnt um það án tafar, ástæður þeirra frávika og hvernig fyrirhugað er að bregðast við þeim. Einnig er lögð áhersla á gerð rekstraráætlana sem sýni ráðstöfun fjárveitinga samkvæmt fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga og áætluð útgjöld og tekjur innan ársins. Jafnframt er lögð áhersla á að rekstraráætlun verði endurskoðuð ef breyting verður á fjárveitingu til hlutaðeigandi ríkisaðila eða verkefnis.

Mikilvægt er að bókhald ríkisaðila sé fært með þeim hætti að það gefi rétta mynd af stöðu stofnunar á hverjum tíma. Þá er einnig mikilvægt að haldið sé áfram að þróa mælikvarða sem lagðir eru til grundvallar mati á árangri starfseminnar og haldið sé utan um þróun þeirra með markvissum hætti.

Fyrir hönd ráðherra

Hellen Gunnarsdóttir
Hellen Gunnarsdóttir

Sonja D. Pálsdóttir
Sonja Dögg Pálsdóttir